

Ed. 518. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

3. og 4. tölul. 1. gr. laganna orðast svo:

- 1.3. Lög þessi ná yfir alla starfsemi og framkvæmd sem hefur eða haft getur í för með sér mengun loftslags, láðs eða lagar, að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum með sérlögum eða með framkvæmd alþjóðasamninga.
- 1.4. Með mengun er átt við þegar örverur, efni og efnasambönd valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun loftslags, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings og varmaflæðis.

2. gr.

1. tölul. 2. gr. laganna orðast svo:

- 2.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga þessara setur ráðherra heilbrigðisreglugerð eða reglugerðir um atriði þar með talið eftirlit, sem sérlög ná ekki yfir, og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi.

3. gr.

2. tölul. 21 2. gr. laganna orðast svo:

- 2.2.21 Hávaða, titring, hitastreymi og óþef, m.a. frá hvers konar starfsemi og farartækjum.

4. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

- 3.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd mengunarvarna setur ráðherra mengunarvarnareglugerð eða reglugerðir að höfðu samráði við önnur ráðuneyti, sem fara með einstaka málaflokka er snerta umhverfismál, og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi.
- 3.2. Í mengunarvarnareglugerð skulu vera almenn ákvæði um:
 1. Starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun, þar sem m.a. skulu vera ákvæði um staðarval, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum og um rekstur og viðhald mengunarvarnaútbúnaðar.
 2. Eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu.
 3. Úttekt á hugsanlegri mengunarhættu.

4. Meðferð vatns og sjávar í iðnaði.
5. Úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs.
6. Frárennsli og skolp.
7. Varnir gegn loftmengun, þar sem fram skulu koma viðmiðunarreglur fyrir loftmengun.
8. Hávaða og titring, þar sem fram koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi.
9. Varmamengun, þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun slíks.
10. Önnur sambærileg atriði.
Enn fremur skal setja ákvæði um:
11. Undanþáguheimildir og hvaða takmörkun þær skuli háðar, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.
12. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.

5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

- 5.1. Ekkert sveitarfélag skal vera án viðhlítandi heilbrigðiseftirlits.
- 5.2. Sveitarfélög greiða kostnað við heilbrigðiseftirlit í héruðum að svo miklu leyti sem lög mæla ekki um á annan veg, sbr. 5.5.
- 5.3. Heimilt er sveitarstjórnnum að höfðu samráði við hlutaðeigandi svæðisnefndir að innheimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi, sem talin er upp í 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölul. 2. gr. og 3. gr. að svo miklu leyti sem Hollustuvernd ríkisins er ekki falið eftirlit með mengandi starfsemi. Skal gjald þetta innheimt samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og birt skal í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt þessari grein má innheimta með lögtaki.
- 5.4. Svæðisnefnd hefur yfirumsjón með fjármálum heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði og gerir tillögur að fjárhagsáætlun og skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga á svæðinu fyrir næsta reikningsár og skal hafa sent þær hlutaðeigandi sveitarstjórnnum til staðfestingar fyrir 1. nóv. ár hvert. Við kostnaðarskiptingu skal miða við að allar tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu, sbr. 5.3., renni í sameiginlegan sjóð til greiðslu reksturskostnaðar og það sem á vantar samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun greiðist af sveitarfélögunum í samræmi við íbúafjölda 1. des. næstliðins árs, sbr. 5.5.
- 5.5. Tillögur svæðisnefnda, sbr. 5.4., skulu lagðar fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir sem hafa frest til athugasemda til 1. des. sama ár. Komi fram athugasemdir ber svæðisnefnd að ræða þær við viðkomandi forsvarsmenn sveitarfélaga og leita samkomulags. Náist ekki samkomulag ræður fjárhagslegur meiri hluti.
- 5.6. Náist ekki samkomulag um hver skuli annast fjárreiður fyrir heilbrigðiseftirlit svæðisins ber stærsta sveitarfélaginu að annast það gegn hæfilegri þóknun.

6. gr.

1. og 2. tölul. 6. gr. laganna orðast svo:

- 6.1. Í landinu skulu starfa 46 heilbrigðisnefndir kosnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Um skipan nefndarmanna og kosningar fer sem hér segir:
- 6.2. **Reykjavíkursvæði:**
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum kosnum af borgarstjórn.
Starfssvæði: Reykjavíkurborg.

7. gr.

Nýir 3. og 4. tölul. 6. gr. laganna orðast svo og aðrir liðir færast til er því nemur:

6.3. **Akranessvæði:**

Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur. Akraneskaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.4. **Vesturlandssvæði:**

Þar starfa fjórar nefndir.

1. **Borgarnes**, ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhliðahreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Borgarneshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn, en hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

2. **Ólafsvík**, ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Ólafsvíkurhreppur, Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur og Neshreppur. Ólafsvíkurhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Neshreppur einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

3. **Stykkishólmur**, ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur, Eyrarsveit og Flateyjarhreppur. Stykkishólmshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Eyrarsveit einn, kosna af sveitarstjórnnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

4. **Búðardalur**, ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Laxárdalshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

8. gr.

12. tölul. 6. gr. laganna verður 13. tölul. 6. gr. laganna og orðast svo:

6.13. **Kópavogssvæði:**

Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.

Starfssvæði: Kópavogskaupstaður.

9. gr.

Nýr 13. tölul. 6. gr. laganna orðast svo og aðrir liðir færast til sem því nemur:

6.14. **Kjósarsvæði:**

Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Seltjarnarneskaupstaður skal eiga tvo fulltrúa, Mosfellsbær tvo fulltrúa, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur koma sér saman um einn.

10. gr.

17. tölul. 6. gr. laganna verður 19. tölul. 6. gr. laganna og orðast svo:
- 6.19. Formaður svæðisnefndar sér um að kosningar í heilbrigðisnefndir fari fram þar sem við á.

11. gr.

11. gr. laganna orðast svo:
- 11.1. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði, sbr. 23. gr., skal starfa svæðisnefnd skipuð formönnum heilbrigðisnefnda á svæðinu auk héraðslæknis (borgarlæknis í Reykjavík) sem er formaður. Á Reykjavíkursvæði, Akranessvæði, Suðurnesjasvæði, Kópavogssvæði og Kjósarsvæði fara heilbrigðisnefndir með störf svæðisnefnda auk héraðslæknis sem er formaður.
- 11.2. Svæðisnefndir koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
- 11.3. Verkefni svæðisnefndar er að skipuleggja og samræma heilbrigðiseftirlit á svæðinu í samræmi við 24. og 26. gr. laga þessara og ákvæði reglugerða sem settar verða og hafa yfirumsjón með fjármálum í samræmi við 5. gr.

12. gr.

13. gr. laganna orðast svo:
- 13.1. Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Hollustuvernd ríkisins.
- 13.2. Stofnunin hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti, mengunarvarnaeftirliti, eiturefnaeftirliti og rannsóknnum, sem þessu eru tengdar, og sér um framkvæmd þeirra í samræmi við lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og ákvæði annarra laga og reglna er þessi mál snerta og heilbrigðisyfirvöldum er falið að sjá um framkvæmd á.
- 13.3. Stofnunin skal vinna að samræmingu ofangreinds eftirlits í landinu, m.a. á þann hátt að koma á samvinnu allra þeirra stofnana er að málum þessum starfa. Skal stofnunin sérstaklega gæta hagkvæmni í öllu eftirliti á þessu sviði, m.a. með því að fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt.
- 13.4. Stofnunin fer því aðeins með beint eftirlit að um sérhæfð verkefni sé að ræða og lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það og að höfðu samráði við hlutadeigandi heilbrigðisnefndir.
- 13.5. Stofnunin er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum sem með opinbert heilbrigðiseftirlit fara.
- 13.6. Stofnunin skal sjá um að haldið sé uppi fræðslu fyrir almenning um mál er varða hollustuhætti.
- 13.7. Stofnunin skal, svo sem þurfa þykir, beita sér fyrir námskeiðum til að fræða þá aðila er að þessum málum starfa í landinu.
- 13.8. Stofnunin leitar ráðgjafar landlæknis og yfirdýralæknis í málum sem snerta starfsemi þessara embætta.
- 13.9. Stofnunin skal hafa sem nánasta samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna og veita þeim alla þá þjónustu um hollustuháttamál sem hún getur og aðstæður gera nauðsynlegar.
- 13.10. Stofnunin gefur árlega út skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári ásamt upplýsingum um ástand hollustuháttamála í landinu.
- 13.11. Upplýsingar og tilkynningar stofnunarinnar til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

13. gr.

2. og 3. tölul. 14. gr. laganna orðast svo:
- 14.2. Stjórnin hefur undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum stofnunarinnar. Hún skal koma saman eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og móta stefnu í málefnum stofnunarinnar og hafa umsjón með gerð fjárlagatillagna.
- 14.3. Rekstur stofnunarinnar skal að öðru leyti vera í höndum þriggja manna framkvæmdastjórnar sem skipuð skal formanni og tveimur öðrum stjórnarmönnum sem ráðherra velur.

14. gr.

15. gr. laganna orðast svo:
- 15.1. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar til fjögurra ára. Einungis má skipa mann sem hefur menntun og reynslu á stjórnunar- og rekstrarsviði.
- 15.2. Framkvæmdastjóri annast fjármálalega stjórnun og stjórn almennrar skrifstofu. Hann situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

15. gr.

16. gr. laganna orðast svo:
- 16.1. Í tengslum við almenna skrifstofu skal unnið að áætlanagerð, útgáfu upplýsinga og fræðsluefnis í samráði við svið stofnunarinnar.
- 16.2. Þar skal vera bókasafn stofnunarinnar með sem fullkomnustum fagbókakosti.

16. gr.

17. gr. laganna orðast svo:
- 17.1. Stofnuninni skal skipt í fjögur svið: Heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu, mengunarvarnir og eiturefnaeftirlit og skal starfa forstöðumaður yfir hverri.
- 17.2. Heilbrigðiseftirlit hefur yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum heilbrigðisreglugerðar eða reglugerða, sbr. 2. tölul. 2. gr., að svo miklu leyti sem slíkt er ekki falið öðrum sviðum stofnunarinnar, sbr. 3. og 4. tölul. 17. gr.
Heilbrigðiseftirlit annast vöruskráningu og eftirlit með innflutningi matvæla og annarra neysluvara. Heilbrigðiseftirlit annast vöruskráningu innlendra vörutegunda á sviði matvæla og neysluvara samkvæmt tilkynningum frá heilbrigðiseftirlitssvæðum.
- 17.3. Rannsóknastofa annast efna- og gerlafræðilegar rannsóknir sem lög þessi gera ráð fyrir á sviði matvæla-, neyslu- og nauðsynjavara og mengunar. Enn fremur annast rannsóknastofa sérstök rannsóknarverkefni, eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni.
- 17.4. Mengunarvarnir hafa yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum mengunarvarnareglugerðar eða reglugerða, sbr. 2. tölul. 3. gr. Mengunarvarnir annast enn fremur:
1. Tillögur að starfsleyfum og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir.
 2. Skipulagningu og umsjón með framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi.
- 17.5. Eiturefnaeftirlit annast yfirumsjón með vöruskráningu og innflutningi eiturefna og hættulegra efna í nauðsynjavörum. Jafnframt skal eiturefnaeftirlit hafa yfirumsjón með eftirliti annarra vara sem geta verið skaðlegar heilsu manna og sem ekki er falið öðrum samkvæmt lögum. Skráning innlendra vörutegunda á sviði nauðsynjavara fer fram að fengnum tilkynningum frá heilbrigðiseftirlitssvæðum.

- 17.6. Ráðherra getur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar sett gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og sérhæfð verkefni sem stofnuninni er falið að annast.
- 17.7. Hollustuvernd ríkisins getur tekið að sér verkefni bæði rannsóknir og ráðgjöf að fengnum tillögum stjórnar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

17. gr.

18. gr. laganna orðast svo:
- 18.1. Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur að fengnum tillögum stjórnar hennar þar sem fram skulu koma frekari ákvæði um verkefni og verkaskiptingu.

18. gr.

19. gr. laganna orðast svo:
- 19.1. Við stofnunina starfa fjórir forstöðumenn.
1. Forstöðumaður heilbrigðiseftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu í heilbrigðisvernd og starfsreynslu í heilbrigðiseftirliti.
 2. Forstöðumaður rannsóknastofu skal hafa háskólamenntun á sviði örveru- og/eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á sviði rannsókna á matvælum og neyslu- og nauðsynjavörum.
 3. Forstöðumaður mengunarvarna skal hafa háskólamenntun á sviði verk- eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á sviði mengunarvarna.
 4. Forstöðumaður eiturefnaeftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu á eiturefnafræði og starfsreynslu á því sviði.
- 19.2. Ráðherra skipar forstöðumenn til fjögurra ára að fengnum tillögum stjórnar.
- 19.3. Forstöðumenn sitja stjórnarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

19. gr.

20. gr. laganna orðast svo:
- 20.1. Framkvæmdastjóri ræður skrifstofufólk.
- 20.2. Stjórnin ræður menn með sérþekkingu til starfa á ýmsum sviðum stofnunarinnar að fengnum tillögum viðkomandi forstöðumanna.
- 20.3. Forstöðumenn ráða annað starfsfólk á einstökum sviðum að höfðu samráði við framkvæmdastjórn.

20. gr.

21. gr. laganna orðast svo:
- 21.1. Eiturefnanefnd, samkvæmt lögum nr. 85/1968, manneldisráð, samkvæmt lögum nr. 45/1978, og tóbaksvarnanefnd, samkvæmt lögum nr. 74/1984, skal sköpuð aðstaða innan stofnunarinnar og vinna í nánú samstarfi við hana, en halda að fullu sjálfstæði samkvæmt fyrrgreindum lögum. Ráðinn skal erindreki að stofnuninni til fræðslu- og upplýsingastarfa.
- 21.2. Stofnunin skal hafa samvinnu við Náttúruverndarráð, Vinnueftirlit, Siglingamála- stofnun og Ríkismat sjávarafurða um öll mál er varða starfsemi þeirra.

21. gr.

1. og 2. tölul. 22. gr. laganna orðast svo:
- 22.1. Sveitarfélög geta sett sér eigin heilbrigðissamþykktir um þætti sem ekki er fjallað um í heilbrigðisreglugerð, sbr. 2. gr., og mengunarvarnareglugerð, sbr. 3. gr., eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert.

- 22.2. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:
1. Bann eða takmörkun hundahalds og annars gæludýrahalds.
 2. Meðferð og eyðingu sorps og skolps.
 3. Gjaldtöku vegna leyfa, eða leigu eða veittrar þjónustu.
 4. Sérstakar ábyrgðartryggingar.
22. gr.
23. gr. laganna orðast svo:
- 23.1. Landið skiptist í heilbrigðiseftirlitssvæði í samræmi við svæðaskiptingu 2.–14. tölul. 6. gr.
23. gr.
3. tölul. 24. gr. laganna fellur brott.
24. gr.
4. og 5. tölul. 24. gr. laganna orðast svo:
- 24.4. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði skal starfa heilbrigðisfulltrúi sem framkvæmdastjóri eftirlitsins í fullu starfi. Þar sem aðeins einn heilbrigðisfulltrúi er starfandi á eftirlitssvæði skal hann jafnframt vera framkvæmdastjóri.
- 24.5. Ekki skulu að jafnaði koma fleiri en 10 000 íbúar á hvert stöðugildi heilbrigðisfulltrúa.
25. gr.
25. gr. laganna orðast svo:
- 25.1. Ráðherra getur í reglugerð, að ósk viðkomandi sveitarfélaga og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins, kveðið á um aðra skiptingu heilbrigðiseftirlitssvæða en gert er í 23. gr.
26. gr.
2. tölul. 26. gr. laganna orðast svo:
- 26.2. Svæðisnefndir viðkomandi eftirlitssvæða ráða heilbrigðisfulltrúa að fengnum tillögum heilbrigðisnefnda svæðisins.
27. gr.
4. og 5. tölul. 26. gr. laganna falla brott og 6. tölul. 26. gr. laganna verður 4. tölul. 26. gr. laganna.
28. gr.
9. tölul. 27. gr. laganna orðast svo:
- 27.9. Heilbrigðisnefndum er heimilt að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Nefndirnar geta lagt hald á slíkar vörur og fyrirskipað förgun þeirra teljist slíkt nauðsynlegt.
29. gr.
1. tölul. 29. gr. laganna orðast svo:
- 29.1. Telji stjórn stofnunarinnar nauðsyn ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum og viðkomandi heilbrigðisnefnd lætur ekki málið til sín til taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum þrátt fyrir ábendingar stofnunarinnar skal hún gera tillög til ráðherra um framkvæmd ráðstöfunarinnar.

30. gr.

6. tölul. 29. gr. laganna orðast svo:
- 29.6. Fulltrúum stofnunarinnar er heimilt í samráði við heilbrigðisnefndir að taka sýni þar sem starfræksla og notkun fer fram og lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir sveitarfélaga ná til, sbr. 8., 10. og 11. tölul. 27. gr.

31. gr.

31. gr. laganna orðast svo:
- 31.1. Sé öðrum en heilbrigðisnefnd falið með sérlögum eftirlit með starfsemi sem lög þessi taki til og fari fyrirmæli þeirra í bága við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og takist ekki að samræma fyrirmælin skal leggja málið undir fullnaðarúrskurð ráðherra. Þetta gildir þó ekki sé um að ræða eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 53/1984, um Ríkismat sjávarafurða, og lögum nr. 31/1970, um dýralækna.
- 31.2. Rísi ágreiningur um framkvæmd eftirlits, sem fallið getur undir lög nr. 46/1980, lög nr. 53/1984, lög nr. 31/1970 og lög nr. 32/1986, skal ágreiningur borinn upp í sérstakri samstarfsnefnd, sem í eiga sæti hlutaðeigandi forstöðumenn Hollustuverndar ríkisins, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, forstjóri Ríkismats sjávarafurða, siglingamálastjóri og yfirdýralæknir. Skal samstarfsnefndin koma sér saman um framkvæmd heilbrigðiseftirlits í takmarkatilvikum og gæta þess, að þessir aðilar fari ekki inn á svið annarra eða mismunandi kröfur séu gerðar um sömu atriði. Rísi upp ágreiningur í nefndinni og verði hann ekki jafnaður sker heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra úr. Samstarfsnefndinni er enn fremur heimilt að gera tillögur til stjórnna viðkomandi stofnana eða ráðuneyta um samnýtingu hinna einstöku eftirlitsaðila þar sem slíku verður við komið.
- 31.3. Rísi upp ágreiningur milli svæðisnefndar eða heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim skulu aðilar vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til málamiðlunar. Takist málamiðlun ekki skal leita fullnaðarúrskurðar ráðherra.

32. gr.

34. gr. laganna orðast svo:
- 34.1. Hollustuvernd ríkisins getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu.

33. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 109/1984 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Starfsreglur skv. 17. gr. skulu taka gildi við gildistöku laganna.
2. Innan árs frá gildistöku laga þessara skal á vegum Hollustuverndar ríkisins (heilbrigðiseftirlits og eiturefnaeftirlits, sbr. 2. og 5. tölul. 17. gr.) komið upp innflutningseftirliti með matvælum og öðrum neysluvörum, svo og nauðsynjavörum sem innihalda eiturefni- eða hættuleg efni.
3. Þegar í stað skal hafist handa við uppbyggingu aðstöðu innan rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins til að annast efnafræðilegar rannsóknir vegna almenns heilbrigðiseftirlits, eftirlits með matvælum og öðrum neysluvörum, mengunarvarna og eiturefnaeftirlits. Áætlun um þessa uppbyggingu skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en í upphafi þings haustið 1988 og skal við það miðuð að aðstöðu verði komið fyrir eigi síðar en í árslok 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með bréfi dagsettu 28. júlí 1986 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, nefnd til að endurskoða lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, áður lög nr. 50/1981 með sama heiti, í samræmi við 10. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í áðurnefndum lögum en samkvæmt þeim ber að ljúka endurskoðun fyrir 1. ágúst 1987.

Í nefndina voru skipaðir: Ingimar Sigurðsson yfirlögfræðingur, formaður, Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir, tilnefndur af landlækni, Valdimar Brynjólfsson heilbrigðisfulltrúi, tilnefndur af Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands. Ritari og sérstakur starfsmaður nefndarinnar var skipaður Þórhallur Halldórsson forstöðumaður.

Nefndin lauk störfum í desember 1986 og var frumvarp til endurskoðaðra laga lagt fram eftir áramót, en náði ekki fram að ganga sakir tímaskorts. Er frumvarpið lagt hér fram svo til óbreytt, frá því það fór frá efri deild rétt fyrir þingslit. Nefndin hefur að beiðni ráðherra litið á frumvarpið milli þinga og leggur ekki til neinar breytingar á frumvarpinu heldur aðeins á athugasemdum vegna breyttra aðstæðna, sbr. nánar athugasemdir við 6. gr.

Að tillögu samgönguráðuneytis hefur verið bætt inn í frumvarpið í 31. gr., að siglingamálastjóri skuli taka sæti í samstarfsnefnd sé verið að fjalla um ágreining vegna framkvæmdar laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, og annarra tiltekinna laga. Er hér um sjálfsagðan hlut að ræða. Er þetta eina breytingin á frumvarpinu frá því í fyrra.

Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 50/1981, hafa í reynd tvisvar hlotið endurskoðun frá gildistöku sem var 1. ágúst 1982, annars vegar með lögum nr. 92/1984, sem felld voru saman við fyrri lögin og gefin út svo breytt með lögum nr. 109/1984, og hins vegar með setningu laga nr. 117/1985, um geislavarnir. Fyrri breytingin varðaði fyrst og fremst heimildir sveitarfélaganna og Hollustuverndar ríkisins til gjaldtöku vegna heilbrigðiseftirlitsins og rannsóknastarfa. Með síðari breytingunni var geislavarnarstarfsemin tekin frá Hollustuvernd ríkisins og sett undir sérstaka stofnun, Geislavarnir ríkisins. Eitt af verkefnum nefndarinnar hefur því verið að fella breytingar í kjölfar áðurnefndra laga inn í frumvarp það sem hér liggur frammi.

Með setningu nýrra laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, þ.e. laga nr. 50/1981, var fyrst og fremst stefnt að þremur nýjum markmiðum sem eru:

1. Heilsteyppt og samræmt heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnaeftirlit á landinu öllu.
2. Felldar voru undir eina stofnun, Hollustuvernd ríkisins, þrjár stofnanir á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sem störfuðu á þessum vettvangi, þ.e. Heilbrigðiseftirlit ríkisins, Matvælarannsóknir ríkisins og Geislavarnir ríkisins.
3. Sett var á fót sérstök mengunarvarnadeild innan Hollustuverndar ríkisins og í fyrsta skipti var í íslenskum lögum kveðið á um mengandi atvinnurekstur á heildstæðan hátt.

Það eru því fyrst og fremst ofangreind þrjú atriði sem komu til umfjöllunar í nefndinni við endurskoðun laganna auk þess sem ýmis smærri atriði eru færð til betri vegar eða felld út með vísun til fenginnar reynslu.

Nefndin er sammála um að reynslan af fyrsta markmiðinu sé í meginatriðum góð. Þannig hefur næstum tekist á aðeins fjórum árum að koma á, á landinu öllu, heilbrigðiseftirliti, sem er í höndum sérkunnáttumanna að verulegu leyti. Þar sem þetta hefur ekki enn tekist eru áform uppi um úrbætur innan skamms. Um þetta atriði vísast nánar til greinargerðar hér á eftir þar sem fjallað er um reynslu af framkvæmd gildandi laga í héraði. Með skírskotun til jákvæðrar þróunar þessara mála í héraðum landsins og nánast engra athugasemda frá umsagnaraðilum leggur nefndin aðeins til smávægilegar breytingar og leiðréttingar á II. kafla laganna þar sem fjallað er um stjórn og skipan mála í sveitarfélögum

landsins. Breytingarnar snerta fyrst og fremst stöðu svæðisnefnda um heilbrigðiseftirlit, þ.e. afskipti þeirra af fjármálum og um samskipti sveitarfélaga, sem standa saman að heilbrigðiseftirliti á hinum 13 eftirlitssvæðum, þannig að síður komi til erfiðleika við gerð og afgreiðslu fjárhagsáætlana. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 5.–11. gr. í frumvarpinu.

Varðandi starfsemi Hollustuverndar ríkisins, sem fjallað er um í III. kafla gildandi laga, er nefndin sammála um að ekki hafi tekist til sem skyldi. Þannig hefur stofnuninni langt því frá, mest sakir fjárskorts, tekist að sinna þeim veigamiklu verkefnum sem henni eru falin samkvæmt lögnum. Þótt þar komi til fjárskortur, eins og áður segir, húsnæðisleysi og skortur á efnarannsóknnum matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara eiga hér önnur atriði við, sem reyna verður að bæta með breytingum á lögnum. Er hér fyrst og fremst um stjórnun stofnunarinnar að ræða. Leggur nefndin til að hún verði gerð skilvirkari og að málum verði þannig komið fyrir að möguleikar gefist til betri stjórnunar en hingað til. Nauðsyn virkrar stjórnunar er brýn þar sem um er að ræða stofnun sem samkvæmt eðli sínu nýtur minni hylli þeirra er stjórná fjármálum en ýmsar aðrar stofnanir og möguleikar til tekjuöflunar eru litlir að svo miklu leyti sem störf hennar lúta að almenningi, en það er ein af aðalskyldum hennar og hlýtur svo ávallt að vera. Fyrir því er lagt til að í stað forstjóra komi framkvæmdastjóri með rekstrarmenntun og rekstrarreynslu sem starfi með sérstakri þriggja manna starfsstjórn sem ráðherra velur úr sjö manna stjórn stofnunarinnar. Ekki skal þetta frekar tíundað hér en þess í stað vísað til athugasemda við 12.–20. gr. Þó skal hér tekið fram að nefndin leggur til að sviðum stofnunarinnar verði fjölgað um eitt, þ.e. eiturefnasvið, en um nauðsyn þess þarf vart að fjölgrða þótt nefna megi sífellt aukna notkun eiturefna og hættulegra efna ekki síst í nauðsynjavörum. Vísast um þetta nánar til athugasemda við 16. gr.

Um starfsemi mengunarvarnadeildar og ákvæða laganna um mengunarvarnir telur nefndin of skamman tíma hafa liðið til þess að hægt sé að dæma þar um af fullri vissu. Enn fremur komi hér meira til, þ.e. samræmd stefna í stjórnun umhverfismála, þ.m.t. mengunarvarnamála, en um þessa þætti eru skoðanir mjög skiptar og engin heildaráætlun í gildi. Rétt er þó að benda á að á undanförunum fjórum árum hefur ýmsu verið áorkað og vísast þar til greinargerðar um starfsemi mengunarvarnadeildar hér á eftir. Nefndin leggur því ekki til efnislegar breytingar á þessum þætti.

Í störfum sínum hefur nefndin leitast við að fá umsagnir sem flestra aðila. Þannig voru eftirtaldir aðilar ýmist boðaðir á fund nefndarinnar, gefinn kostur á að setja fram skriflegar athugasemdir eða beinlínis beðnir um þær:

Umsagnaraðilar:

Forstjóri Hollustuverndar ríkisins
Forstöðumenn Hollustuverndar ríkisins
Formenn svæðisnefnda
Framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlits
Aðrir starfandi heilbrigðisfulltrúar
Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands
Samband íslenskra sveitarfélaga
Landlæknir
Yfirdýralæknir
Eiturefnanefnd
Manneldisráð
Tóbaksvarnanefnd
Vinnueftirlit ríkisins
Ríkismat sjávarafurða
Siglingamálastofnun
Náttúruverndarráð

Samtök heilbrigðisstétta
Geislavarnir ríkisins
Neytendasamtökin
Vinnuálagssamband samvinnufélaga
Vinnuveitendasamband Íslands
Félag íslenskra iðnrekenda
Félag íslenskra stórkaupmanna og Kaupmannasamtök Íslands.

Auk þess var á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fyrir beiðni nefndarinnar auglýst í dagblöðum eftir umsögnum og athugasemdum vegna endurskoðunarinnar.

Eftirtaldir aðilar mættu á fundi nefndarinnar og/eða sendu inn skriflegar athugasemdir:

Rannsóknastofa Hollustuverndar ríkisins
Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins
Heilbrigðiseftirlit Hollustuverndar ríkisins
Halldór Runólfsson, deildardýralæknir
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkursvæðis
Tryggvi Þórðarson heilbrigðisfulltrúi
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Heilbrigðiseftirlit Akranessvæðis
Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis
Formaður svæðisnefndar Vesturlandshéraðs
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis
Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis vestra
Friðrik J. Friðriksson, formaður svæðisnefndar Norðurlands vestra
Skúli G. Johnsen, formaður svæðisnefndar Reykjavíkursvæðis
Þorkell Jóhannesson, formaður Eitrefnanefndar
Heilbrigðiseftirlit Eyjafjarðarsvæðis
Heilbrigðiseftirlit Norðurlandssvæðis eystra
Hilmar Bjarnason, heilbrigðisfulltrúi Eskifirði
Heilbrigðiseftirlit Suðurlandssvæðis
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesjasvæðis
Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðarsvæðis
Heilbrigðiseftirlit Kópavogssvæðis
Dýralæknafélag Íslands
Félag íslenskra stórkaupmanna
Manneldisráð Íslands
Náttúruverndarráð
Neytendasamtökin
Siglingamálastofnun ríkisins
Vinnuveitendasamband Íslands
Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands
Síldarverksmiðjur ríkisins
Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands
Yfirdýralæknir
Sveitarstjóri Mosfellshrepps og formaður svæðisnefndar Suðurnesja, Hafnarfjarðarsvæðis og Kópavogssvæðis.

Aðrir sáu hvorki ástæðu til þess að mæta á fund nefndarinnar né senda inn skriflegar athugasemdir.

Að fengnum athugasemdum hefur nefndin unnið að gerð þessa frumvarps frá því í september sl. og reynt að samræma sjónarmið þeirra sem þær gerðu eftir því sem unnt er.

Auk þess sem þegar hefur verið dregið á hér að framan og verður gert í athugasemdum hér á eftir vill nefndin sérstaklega hnykkja á tveimur atriðum sem nauðsynlegt er að tekist verði á við í náninni framtíð.

Fyrra atriðið snertir læknisfræðilega starfsemi í tengslum við Hollustuvernd ríkisins. Nefndin telur að slíka starfsemi beri ekki að byggja upp innan stofnunarinnar heldur beri að koma henni fyrir innan embættis landlæknis þar sem hún mundi enn fremur nýtast annarri starfsemi eins og héraðslæknisembættunum sem auk þess tengjast heilbrigðiseftirliti vegna þess að héraðslæknar eru formenn svæðisnefnda um heilbrigðiseftirlit. Vill nefndin sérstaklega undirstrika nauðsyn þessa starfs hjá réttum aðila og þau sjónarmið er liggja hér að baki.

Síðara atriðið varðar það sem nefnt hefur verið skörun eftirlitsins og byggist á því að margir aðilar með ólíkan stjórnarfarslegan bakgrunn eru að sinna svipuðu eftirliti.

Þótt mikið hafi verið um ofangreinda skörun rætt á undanförmum árum hefur lítið áunnist. Það sýnir löggjöf undanfarinna ára á þessu sviði ekki síst um einstakar ríkisstofnanir. Þó er rétt að benda á að tekist hefur góð samvinna milli Vinnueftirlits ríkisins og Hollustuverndar ríkisins um þau mál, sem geta valdið skörun milli þeirra, en verkaskipting milli þeirra er miklu skýrari samkvæmt gildandi lögum en áður var. Nefndin vill vekja sérstaka athygli á þessum skörunaratriðum hér þar sem slíkt ástand getur ekki gengið til langframa öðruvísi en til réttaróvissu komi og þverrandi trúar almennings og hlutaðeigandi aðila á slíku eftirliti, svo ekki sé getið um óþarfa kostnað sem ávallt fylgir eftirliti margra aðila. Lausnin er ekki endilega fólgin í því að fella saman starfsemi einstakra stofnana heldur frekar í því að samræma stjórnun þeirra.

Samkvæmt 9. tölul. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 50/1981 átti að gera könnun á því hvort sameina eða samræma megi frekar starfsemi aðila, sem fara með ýmiss konar hollustuhátta- og heilbrigðiseftirlit og eftirlit til varnar skaðlegum áhrifum umhverfis á heilsufar manna. Skyldi könnun þessari lokið eigi síðar en 1. ágúst 1985. Nefnd hefur verið starfandi á þessu sviði síðan á miðju ári 1985. Ekki hefur neitt komið út úr þeirri vinnu enn þá og virðist ekki að vænta árangurs, enda telja nefndarmenn að reynsla af framkvæmd laga nr. 109/1984 sé ekki nægjanlega mikil til þess að hægt sé að leggja til frekari samræmingu.

Á fundum frumvarpsnefndarinnar komu ofangreind samræmingarmál oft til umræðu ekki síst vegna spurningarinnar um hvað væri hægt að fela heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna af eftirliti hinna ríkisreknu stofnana sem áður eru nefndar, að svo miklu leyti sem slíkt getur tengst starfseminni í sveitarfélögum landsins. Sem dæmi um slíkt eftirlit var endurskoðunarnefndin sammála um að hluta af eftirliti með framleiðslu sjávarafurða yrði hæglega komið fyrir í höndunum á heilbrigðisfulltrúum sveitarfélaganna sem flestir hafa háskólamenntun, ekki síst á sviði matvælaframleiðslu. Væri þannig hægt að skapa heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna traustari starfsgrundvöll.

Reynsla af framkvæmd gildandi laga í héraði.

Sú svæðaskipting, sem tekin var upp, hefur með lögum nr. 50/1981 (nú lög nr. 109/1984) styrkt heilbrigðiseftirlit í landinu og komið á virku eftirliti í sveitarfélögum þar sem lítið sem ekkert eftirlit var áður.

Það er samdóma álit eftirlitsaðila að þar sem eftirlit hefur komist til framkvæmda á svæðunum og heilbrigðisfulltrúi er í fullu starfi, sé virkni þess góð og mikið hafi áunnist.

Það sem fyrst og fremst hefur valdið erfiðleikum er tregða nokkurra sveitarfélaga til samstarfs um heilbrigðiseftirlit, en erfiðleikum er bundið að kveða á um slík samskiptamál í lögum sem þessum, þar sem gengið er út frá samvinnu sveitarfélaganna eftir viðteknum reglum. Tregða þessi kom í byrjun fyrst og fremst fram vegna aukins kostnaðar sem einstök

sveitarfélög töldu að þau yrðu fyrir. Með tilkomu heimildar til gjaldtöku af eftirlitsskyldum fyrirtækjum 1984 gjörbreyttist viðhorfið til eftirlitsins og hafa margir lýst því yfir að hún sé raunverulega forsenda þess að hægt sé að halda uppi viðunandi heilbrigðiseftirliti.

Framkvæmt eftirlit í héruðum og breytingar samkvæmt gildandi lögum.

Akranessvæði. Fyrir 1. ágúst 1982 var einn heilbrigðisfulltrúi í fullu starfi á Akranesi, svo er einnig í dag. Þess ber að geta að Akranessvæði, þ.e. kaupstaðurinn og hrepparnir sunnan heiðar eins og það er kallað (Hvalfjörður, Svínadalur, Melar), var á árinu 1984 gert að sérstöku heilbrigðiseftirlitssvæði en hafði áður tilheyrt Vesturlandssvæði. Heilbrigðisfulltrúi starfaði á Akranesi fyrir og við gildistöku laganna og starfar nú á Akranessvæði, þ.e. einn framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits, eitt stöðugildi. Akranessvæði var sett gjaldskrá 1985.

Vesturlandssvæði. Fyrir 1. ágúst 1982 var einn heilbrigðisfulltrúi starfandi á Vesturlandssvæði. Starfaði sá eingöngu fyrir Borgarnes og var í 20% starfi. Í dag er á Vesturlandssvæði einn framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits, eitt stöðugildi. Hann hefur aðsetur í Borgarnesi.

Vestfjarðasvæði. Fyrir 1. ágúst 1982 voru þrjú heilbrigðisfulltrúar á Vestfjarðasvæði, allir í hlutastörfum. Einn fyrir Patreksfjörð, einn fyrir Flateyri, einn fyrir Ísafjörð og Bolungarvík. Stöðugildi þessara þriggja manna voru 0,68. Í dag eru heilbrigðisfulltrúar á Vestfjarðasvæði fjórir og skiptist svæðið þannig: Einn heilbrigðisfulltrúi starfar fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu með aðsetri á Patreksfirði, einn heilbrigðisfulltrúi starfar fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu og hefur aðsetur á Flateyri, heilbrigðisfulltrúi fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, Ísafjörð og Bolungarvík hefur aðsetur á Ísafirði. Heilbrigðisfulltrúi fyrir Strandasýslu hefur aðsetur á Hólmavík. Samanlögð stöðugildi þessara fjögurra heilbrigðisfulltrúa eru 2,15.

Norðurlandssvæði vestra. Fyrir 1. ágúst 1982 störfuðu tveir heilbrigðisfulltrúar á Norðurlandssvæði vestra, annar á Sauðárkróki og hinn á Siglufirði. Voru þeir í hlutastörfum fyrir þessi bæjarfélög. Stöðugildi taldist vera 0,58 til samans. Nú er á Norðurlandssvæði vestra einn heilbrigðisfulltrúi sem starfar fyrir allt svæðið. Stöðugildi er 1,0.

Eyjafjarðarsvæði. Á Eyjafjarðarsvæði hafa breytingar orðið hvað minnstar varðandi mannhald. Árið 1982 voru tveir heilbrigðisfulltrúar starfandi í 1,33 stöðugildum fyrir Akureyri. Í dag eru tveir heilbrigðisfulltrúar í 1,33 stöðugildum en starfa fyrir allt svæðið.

Norðurlandssvæði eystra. 1. ágúst 1982 var einn heilbrigðisfulltrúi í 50% starfi á Húsavík. Nú eru heilbrigðisfulltrúar tveir, stöðugildi 1,15 og starfað á öllu svæðinu.

Austfjarðasvæði. Á Austfjarðasvæði töldust 1. ágúst 1982 fimm heilbrigðisfulltrúar í hlutastörfum á jafnmörgum þéttbýlissvæðum. Stöðugildi 1,73. Í dag er sama tala heilbrigðisfulltrúa (þ.e. fimm) og hlutastörf eingöngu, stöðugildi 1,67. Enn eru héruð á Austfjarðasvæði, bæði í dreifbýli og þéttbýli, er ekki hafa þjónustu heilbrigðisfulltrúa, Suðurfirðirnir allir ásamt Vopnafirði.

Suðurlandssvæði. 1. ágúst 1982 störfuðu tveir heilbrigðisfulltrúar á Suðurlandssvæði í hlutastörfum samtals 0,60 stöðugildi. Störfuðu þeir hvor í sínum þéttbýliskjarnanum. Nú eru tveir heilbrigðisfulltrúar starfandi, stöðugildi 1,15, þar af er annar í fullu starfi fyrir svæðið allt, en hinn er í hlutastarfi fyrir Vestmannaeyjar.

Suðurnesjasvæði. 1. ágúst 1982 var einn heilbrigðisfulltrúi í 1,0 stöðugildi á svæðinu en í dag eru tveir heilbrigðisfulltrúar í tveimur stöðugildum og sinna þeir einnig Keflavíkurlflugvelli.

Hafnarfjarðarsvæði. 1. ágúst 1982 voru tveir heilbrigðisfulltrúar í 1,25 stöðugildi. Í dag eru 2 heilbrigðisfulltrúar í 1,50 stöðugildum.

Kópavogssvæði. 1. ágúst 1982 voru tveir heilbrigðisfulltrúar í 1,50 stöðugildum á Kópavogssvæði og svo er einnig í dag en starfssvæðið hefur aukist með dreifbýlishreppunum á svæðinu.

Reykjavíkursvæði. 1. ágúst 1982 voru átta heilbrigðisfulltrúar starfandi í átta stöðugildum á Reykjavíkursvæði. Nú eru starfandi 6½ heilbrigðisfulltrúi í jafnmörgum stöðugildum, er því óráðið í 1½ stöðugildi.

Samkvæmt ofanrituðu eru stöðugildi heilbrigðisfulltrúa nú 23,55 sem eru setin af 31 heilbrigðisfulltrúa. Hinn 1. ágúst 1982 þegar lögin öðluðust gildi voru stöðugildi 18,38 sem voru setin af 30 heilbrigðisfulltrúum.

Rannsóknastofa Hollustuverndar ríkisins.

Við gildistöku laganna 1. ágúst 1982 voru starfandi auk forstöðumanns við rannsóknastofu stofnunarinnar tveir náttúrufræðingar, einn líffræðingur og sex rannsóknarmenn. Í dag eru auk forstöðumanns einn deildargerlafræðingur, einn gerlafræðingur, þrír líffræðingar, þar af tveir í hálfri stöðu og fimm rannsóknarmenn. Auk þess starfar líffræðingur við tímabundið verkefni í hálfu starfi.

Með lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er rannsóknastofa Hollustuverndar ríkisins ætlað að annast efna- og gerlafræðilegar rannsóknir á sviði matvæla-, neyslu og nauðsynjavara og mengunar fyrir heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir hér á landi. Áður hafði rannsóknastofan verið rekin sem sjálfstæð stofnun skv. lögum nr. 74 1977, um Matvælarannsóknir ríkisins, og haft sambærilegu hlutverki að gegna fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu.

Þrátt fyrir það að Matvælarannsóknir ríkisins hafa starfað í næstum sex ár, var ekki komið upp efnarannsóknastöðu hjá stofnuninni. Eingöngu var því um gerlarannsóknir að ræða og fór brátt svo að allt húsnæði, sem stofnuninni var ætlað, var tekið undir gerlarannsóknir vegna síaukinna verkefna á því sviði. Á það skal bent að forsvarsmenn stofnunarinnar gerðu margítrekaðar tilraunir til að fá fjármagn til tækjakaupa og leyfi til stöðuráðninga vegna efnarannsókna, en án árangurs.

Eftir að Hollustuvernd ríkisins hóf starfsemi, hefur engin breyting orðið á húsnæðismálum rannsóknastofnunar og enn þá er eingöngu um að ræða rannsóknir á sviði gerlarannsókna. Gerlarannsóknirnar hafa aftur á móti aukist jafnt og þétt á undanförunum árum og því er starfsfólk rannsóknastofnunar nú mun fleira en þegar Matvælarannsóknir ríkisins byrjuðu starfsemi sína.

Ekki hefur verið staðið við lagaskyldur varðandi efnarannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir þrátt fyrir næstum 10 ára gömul lagaákvæði þar að lútandi. Í þeim tilfellum, sem bráðnauðsynlega hefur þurft á efnarannsóknnum að halda, hefur rannsóknastofan stundum haft milligöngu um að koma sýnum í rannsókn á öðrum íslenskum rannsóknastofum eða á rannsóknastofum erlendis. Hér er þó aðeins um mjög fá sýni að ræða á hverju ári þar sem rannsóknastofunni hefur aldrei verið ætlað sérstakt fé til að greiða þessar rannsóknir og hefur orðið að taka það af rekstrarfé.

Gerlarannsóknir hafa lengst af verið framkvæmdar fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu án sérstaks endurgjalds. Með breyttum lögum, sbr. lög nr. 109/1984 (áður lög nr. 50/1981), var

sveitarfélögum heimiluð gjaldtaka vegna eftirlitsskylds reksturs og rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins heimilað að krefja sveitarfélög um ákveðna greiðslu fyrir rannsóknir á sýnum vegna heilbrigðiseftirlits. Ekki má þó krefjast hærri greiðslu en nemur 50% af rannsóknarkostnaði fyrir hvert sýni. Frá 1984 hefur stjórn stofnunarinnar nýtt sér þessa heimild til þess að afla lögskipaðra sértekna þannig að sveitarfélögin greiða 25–30% af rannsóknarkostnaði við hvert sýni.

Með gjaldtökunni hefur dregið talsvert úr sýnafjölda sem heilbrigðiseftirlitið óskar að fá rannsakaðan með tilliti til gerlagróðurs. Hefur því verið slakað verulega á þeim kröfum sem gerðar voru til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna um leyfilegan sýnafjölda á árinu 1983 þegar gerlarannsóknir rannsóknastofunnar gátu ekki lengur annað öllum þeim sýnum sem óskað var rannsóknar á. Um leið og sýnum frá heilbrigðiseftirlitinu hefur farið fækkandi hefur fjöldi sýna frá fyrirtækjum og einkaaðilum aukist. Þessi sýni eru nú allt að 20% af heildarfjölda rannsakaðra sýna og fer greiðsla fyrir þessar rannsóknir fram samkvæmt ákveðinni gjaldskrá.

Mjög brýnt er að tekin verði ákvörðun um efnarannsóknir á vegum Hollustuverndar ríkisins því að mörg mikilvæg verkefni bíða úrlausnar á þessu sviði. Segja má að í dag sé sama og ekkert eftirlit með efnasamsetningu og tilvist aukaefna í matvælum og öðrum neysluvörum. Auk þess getur stofnunin ekki sinnt neinum efnarannsóknum vegna mengunarvarna. Ljóst er að kostnaður við að koma á fót efnarannsóknastofu, sem gegnir þessu tvíþætta hlutverki, hlýtur að vera mikill.

Greinargerð

Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins.

Með stofnun Hollustuverndar ríkisins var í fyrsta sinn í lögum hér á landi sett á stofn deild sem eingöngu var ætlað það hlutverk að sinna mengunarvörnum.

Vísir að slíkri starfsemi var áður hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, en verkefni Hollustuverndar ríkisins eru mun víðtækari á sviði mengunarvarna. Í því sambandi nægir að benda á skilgreiningu á mengun í 1. gr. laga nr. 109/1984 og enn fremur þar sem segir í sömu grein að löggin nái yfir alla starfsemi og framkvæmd sem haft getur í för með sér mengun loftis, láðs eða lagar.

Þegar Hollustuvernd ríkisins tók til starfa árið 1982 voru starfsmenn mengunarvarna sex í sex stöðuheimildum, þ.e.

Forstöðumaður
verkfræðingur
eðlisfræðingur
tveir mengunarsérfræðingar
ritari.

Með stofnun Geislavarna ríkisins, sem í upphafi var hluti af mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins, fækkaði starfsmönnum um tvo og auk þess var ritari færður til almennrar skrifstofu.

Síðari hluta árs 1985 fékkst ný stöðuheimild fyrir verkfræðing. Stöðuheimildir í dag eru þannig fjórar. Starfsmenn eru hins vegar fimm, þ.e.

Forstöðumaður
verkfræðingur
efnaverkfræðingur
vatnalíffræðingur
umhverfisskipulagsfræðingur.

Frá því mengunarvarnir tóku til starfa hefur verið unnið talsvert að sérverkefnum, þ.e. verkefnum sem unnin eru gegn greiðslu. Farið var út á þessa braut vegna þess að á þann hátt

einan, vegna lítilla fjárveitinga, var unnt að afla mælitækjabúnaðar og með honum nokkurra upplýsinga um mengun hér á landi.

Mengunarvarnir eiga nú þokkalegan búnað til mælinga á loftmengun og hávaðamengun, en uppbygging á búnaði til vatnsmengunarmælinga hefur ekki átt sér stað enn. Slíkur búnaður verður þó stöðugt mikilvægari m.a. vegna örrar uppbyggingar í fiskeldi.

Skýrslur, sem gefnar hafa verið út á vegum mengunarvarna, eru m.a. um loftmengunarmælingar á Sauðárkróki, Höfn í Hornafirði, Reyðarfirði og Akranesi og von er á skýrslum um loftmengunarmælingar á Grundartanga, við álverið í Straumsvík og í Reykjavík. Auk þess er von á skýrslu um hávaðamælingar í umhverfi Keflavíkurflugvallar.

Mengunarvarnir eru geysilega vítt svið og verða ekki stundaðar svo vel sé án sérhæfingar. Innan mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins hefur þessi sérhæfing verið byggð upp á undanförnum árum eftir því sem hægt er í litlu þjóðfélagi. En nú er svo komið að innan mengunarvarna starfa sérfræðingar á sviði loftmengunar, vatnsmengunar, hávaðamengunar og förgunar úrgangs. Auk þess starfar einn sérfræðingur sérstaklega á tæknisviði sem tengt er vinnslu starfsleyfistillagna.

Tveir starfsmenn eru reyndar í einu stöðugildi og er það algjörlega ófullnægjandi og horfir til hreinnna vandræða, ef ekki verður breyting á, vegna aukinna verkefna þegar á árinu 1987.

Jafnlítill þjóð og Íslendingar mun aldrei geta byggt upp þá sérhæfingu sem nauðsynleg er til að geta leyst öll þau margvíslegu verkefni sem upp koma á sviði mengunarvarna. Þess vegna er samvinna við aðrar þjóðir á þessu sviði nauðsynleg.

Vísir er nú kominn að þátttöku í samstarfi Norðurlandþjóða á sviði umhverfismála. Samstarf þessara þjóða hefur á undanförnum árum verið mjög mikið en mest án þátttöku Íslendinga.

Aukin þátttaka er tvímælalaust mikilvægur liður í uppbyggingu mengunarvarna hér á landi, enda tegundir mengunar hér þær sömu og hjá öðrum þjóðum.

Unnið hefur verið að gerð mengunarvarnareglugerðar og munu drög væntanlega liggja fyrir eftir áramótin 1986/1987. Einn hluti reglugerðarinnar hefur reyndar þegar tekið gildi, þ.e. reglugerð nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Margar starfsleyfistillögur og leyfi fyrir staðsetningu mengandi starfsemi hafa þegar verið afgreidd samkvæmt reglugerðinni.

Áberandi hingað til eru afgreiðslur hvað varðar fjölda fiskeldisstöðva og fiskimjölsverksmiðja.

Á þessu verður breyting á næstunni, enda eiga öll starfandi fyrirtæki, sem falla undir reglugerðina og ekki hafa gilt starfsleyfi, að hafa sótt um það fyrir 1. mars 1987.

Í framhaldi af útgáfu ofangreindrar reglugerðar var gefin út gjaldskrá nr. 355/1986 vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja. Gjaldskrá þessi er mjög mikilvæg og mun gera mengunarvörnum kleift að halda uppi reglubundnu sérhæfðu eftirliti með mengandi starfsemi, en á það hefur mjög skort til þessa.

Óhætt er að fullyrða að vegna naumra fjárveitinga frá því Hollustuvernd ríkisins tók til starfa hafi uppbygging mengunarvarna gengið hægt. Því til staðfestingar má nefna að engin ný stöðuheimild sérfræðings fékkst fyrir en rúmum þremur árum eftir gildistöku laga nr. 50 1981.

Mengunarvarnareglugerð, sem semja á skv. 3. gr., hefur einungis að litlum hluta tekið gildi. Einum mikilvægasta þættinum, fræðslu- og upplýsingastarfsemi, hefur til þessa nánast ekkert verið unnt að sinna.

Sérhæfðu eftirliti með mengun og mengandi starfsemi er enn mjög ábótavant. Ekki hefur reynst unnt að taka á þeim mjög svo mikilvæga málaflokki, förgun eiturefna og hættulegra efna.

Nauðsynlegt er að á þessu verði breyting og að fjárveitingar til mengunarvarna verði í samræmi við þau fjölmörgu verkefni sem vinna þarf á því sviði.

Greinargerð heilbrigðiseftirlits Hollustuverndar ríkisins.

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir starfsemi heilbrigðiseftirlits Hollustuverndar ríkisins frá gildistöku laganna nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

1. Starfsfólk.

Er lögín tóku gildi í ágúst 1982 voru starfandi auk forstöðumanns deildardýralæknir, heilbrigðisráðunautur og ritari. Starfsliðið í dag er óbreytt að öðru leyti en því að staða ritara var flutt til yfirstjórnar stofnunarinnar og árið 1983 var ráðinn næringarfræðingur sem deildarráðunautur í fullt starf.

2. Uppbygging heilbrigðiseftirlits í landinu.

Frá gildistöku laganna hefur eitt af mikilvægustu verkefnum verið að vinna að endurskipulagningu heilbrigðiseftirlitsins í landinu. Með hinum nýju lögum voru gerðar grundvallarbreytingar á skipulagningu heilbrigðiseftirlitsins og var heilbrigðisnefndum fækkað úr 224 í 47 og landinu skipt í 12 heilbrigðiseftirlitssvæði. Veruleg mótstaða reyndist vera hjá mörgum sveitarstjórnnum víða um land gegn hinni nýju löggjöf og þá fyrst og fremst hjá þeim sem ekki höfðu áður sinnt heilbrigðiseftirliti að einhverju marki. Helstu athugasemdir sem gerðar voru við hið nýja fyrirkomulag voru þær að sveitarstjórnir töldu sig ekki hafa fjármagn til að standa undir kostnaði við heilbrigðiseftirlitið. Víðtæk fundahöld af hálfu stofnunarinnar með heimamönnum í þeim tilgangi að kynna hina nýju löggjöf og koma henni í framkvæmd skiluðu verulegum árangri. Stofnunin beitti sér einnig fyrir endurskoðun laganna árið 1984 í því skyni að heimila sveitarfélögum gjaldtöku af eftirlitsskyldri starfsemi lögum samkvæmt. Nokkur svæði nýttu sér þessa heimild þegar í stað en á öðrum svæðum t.d. höfuðborgarsvæðinu hefur þessi heimild ekki verið nýtt.

Við gildistöku laganna voru starfandi 30 heilbrigðisfulltrúar og höfðu um helmingur þeirra sérmenntun á háskólastigi í heilbrigðiseftirliti. Í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga nr. 50/1981 var haldið réttindanámskeið haustið 1983 fyrir þá heilbrigðisfulltrúa sem voru í starfi og ekki höfðu tilskilda sérmenntun. Þátttaka á þessu námskeiði var sett sem skilyrði fyrir því að menn öðluðust réttindi sem heilbrigðisfulltrúar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 150/1983, um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa. Ofangreind reglugerð var sett með stöð í lögum nr. 50/1981 og með tilkomu hennar voru fyrst gerðar opinberar kröfur um menntun heilbrigðisfulltrúa um leið og starfsheiti þeirra hlaut löggildingu.

Árangur af störfum síðastliðinna ára er nú að koma í ljós og má segja að skipulagning heilbrigðiseftirlits sé komin í nokkuð viðunandi horf á öllum svæðum að undanskildum hluta Austfjarðasvæðis. Þá hefur sérmenntuðum heilbrigðisfulltrúum fjölgað og má m.a. geta þess að sex dýralæknar hafa sótt starfsþjálfun við stofnunina á síðastliðnum tveimur árum í þeim tilgangi að öðlast réttindi sem heilbrigðisfulltrúar. Þá hafa enn fremur sex matvælafræðingar og nokkrir líffræðingar hlotið réttindi sem heilbrigðisfulltrúar að lokinni starfsþjálfun í heilbrigðiseftirliti.

Í dag eru starfandi 31 heilbrigðisfulltrúi og af þeim eru tveir þriðju sérmenntaðir. Af þessu má sjá að mikið hefur áunnist í því að fá sérmenntaða starfsmenn að heilbrigðiseftirlitinu en eitt af frumskilyrðum fyrir því að árangur náist á þessu þýðingarmikla forvarnarstigi heilbrigðisþjónustunnar er vel menntað starfsfólk.

3. Samræming heilbrigðiseftirlits.

Til að vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlitsins í landinu, sem stofnuninni er ætlað að annast samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og enn fremur til að fyrirbyggja eftir því sem hægt er tvíverknad og skörun í eftirliti, skipuleggur stofnunin á hverju ári fundi með starfandi heilbrigðisfulltrúum og héraðslæknum.

Héraðslæknar gegna þýðingarmiklu hlutverki í uppbyggingu heilbrigðiseftirlitsins þar sem þeir eru formenn svæðisnefnda á eftirlitssvæðum. Á fundum þessum eru tekin fyrir og rædd fyrst og fremst þau verkefni sem eru til umfjöllunar hjá stofnuninni og heilbrigðiseftirlitinu hverju sinni. Einnig hafa sótt þessa fundi fulltrúar frá ýmsum stofnunum sem á einn eða annan hátt tengjast starfsemi heilbrigðiseftirlitsins. Má þar nefna m.a. fulltrúa frá landlæknisembættinu, yfirdýralækni, Ríkismati sjávarafurða, Náttúruverndarráði, Siglingamálastofnun og Vinnueftirliti ríkisins.

4. Nokkur verkefni heilbrigðiseftirlits Hollustuverndar ríkisins.

Matvæli:

Notkun aukaefna. Merking umbúða. Sérreglugerðir t.d. mjólkurreglugerð. Endurskoðun matvælalöggjafar. Innflutningseftirlit. Samning reglugerðar um egg og eggjavörur. Aðskotaefni í matvælum. Notkun vítamína og steinefna í matvælum. Norrænt og alþjóðlegt samstarf á sviði matvælalöggjafar. Umfjöllun um bætiefni og náttúruvörur.

Nauðsynjavörur:

Eftirlit með umbúðamerkingum fyrir vörur sem innihalda eiturefni og hættuleg efni. Önnur verkefni í samræmi við ákvæði reglugerða um eiturefni og hættuleg efni. Vörur sem geta verið skaðlegar heilbrigði vegna hönnunar eða annarra atriða.

Almennt heilbrigðiseftirlit:

Samræming eftirlitsins, heilbrigðisreglugerð og ýmsar sérreglugerðir.

Fræðsla:

Fræðsla og ráðgjöf fyrir heilbrigðiseftirlitið, almenning og innflytjendur, framleiðendur og söluaðila vegna ofangreindra málaflokka.

5. Starfsgrundvöllur Hollustuverndar ríkisins.

Frá því lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, tóku gildi hefur uppbygging Hollustuverndar ríkisins gengið hægt þar sem fjárveitingavaldið hefur skammtað stofnuninni naumt miðað við lögbundin verkefni. Í fjárlagatillögum fyrir árið 1987 eru t.d. aðeins áætlaðar 500 þús. kr. í stofnkostnað fyrir stofnunina í heild.

Leggja ber því höfuðáherslu á að starfsemi Hollustuverndar ríkisins verði eflid og sérstök áhersla lögð á að tryggja rekstrargrundvöll stofnunarinnar.

Af þeim málaflokkum og verkefnum sem hér hafa verið gerð nokkur skil má sjá að þau eru margþætt og þurfa mikla undirbúningsvinnu. Þau eru enn fremur flest þess eðlis að leita þarf samvinnu og samráðs við marga hagsmunaaðila og þeir starfsmenn sem þessi verk vinna eyða miklum tíma í að veita alls konar ráðgjöf og upplýsingar.

Það má því íjóst vera að taka þarf til endurmats þær fjárveitingar sem Hollustuvernd ríkisins hefur verið veitt fram að þessu ef stofnunin á að geta skilað því hlutverki sem löggjafinn hefur falið henni.

Helstu nýmæli frumvarpsins.

1. Lagt er til að svæðisnefndir heilbrigðiseftirlits verði styrktar og þeim falin yfirumsjón með fjármálum eftirlitsins úti í héruðum.
2. Lagðar eru til skýrar reglur um kostnaðarskiptingu og að tekjur eftirlitsins á vegum sveitarfélaganna renni í sameiginlegan rekstrarsjóð.
3. Skýrari ákvæði eru um fjárreiður eftirlitsins á vegum sveitarfélaganna og hvernig fari um afgreiðslu í ágreiningsmálum.
4. Heilbrigðisnefndirnar í Mosfellssveit og á Seltjarnarnesi verða gerðar að sérstöku heilbrigðiseftirlitssvæði.

5. Lagt er til að stjórn Hollustuverndar ríkisins verði styrkt með því að skipa sérstaka rekstrarstjórn og framkvæmdastjóra rekstrar.
6. Lagt er til að stofnað verði nýtt svið innan Hollustuverndar ríkisins sem annist eiturefnaeftirlit.
7. Sett eru inn ákvæði um innflutningseftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum á vegum Hollustuverndar ríkisins.
8. Kveðið er á um vöruskráningarskyldu Hollustuverndar ríkisins varðandi erlend og innlend matvæli og aðrar neysluvörur og vörur sem geta verið skaðlegar heilsu manna.
9. Lögð er til sú regla að framkvæmdastjóri og forstöðumenn sviða Hollustuverndar ríkisins verði skipaðir til fjögurra ára.
10. Lagt er til að við Hollustuvernd ríkisins starfi sérstakur fræðslu- og upplýsingafulltrúi.
11. Rýmkaður er afskiptaréttur Hollustuverndar ríkisins til þess að grípa til nauðsynlegra ráðstafana láti heilbrigðisnefnd málið ekki til sín taka eða sinni því lítið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er ekki um efnislegar breytingar að ræða heldur leiðréttingar, annars vegar samkvæmt tilmælum Siglingamálastofnunar og snertir það framkvæmd alþjóðasamninga og hins vegar vegna þegar samþykktra breytinga með tilkomu laga nr. 117/1985, um geislavarnir, en samkvæmt þeim voru öll ákvæði laga nr. 109/1984 varðandi geislun felld úr gildi.

Um 2. gr.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til varða samningu heilbrigðisreglugerðar, og er gert ráð fyrir að setja megi ákvæði í fleiri reglugerðir en heilbrigðisreglugerð, þ.e. að heilbrigðisreglugerðir geti orðið fleiri en ein sé ástæða til að taka á einstökum þáttum í sérreglugerðum.

Um 3. gr.

Hér er bætt inn í 2. tölul. 21 2. gr. orðunum „hitastreymi“ og „óþef“ en eftirlitsaðilar eru sammála um að í heilbrigðisreglugerð þurfi að vera ákvæði um þetta að svo miklu leyti sem mengunarvarnareglugerð tekur ekki á þessum málum. Hér má sem dæmi nefna hitastreymi frá leiðslum og tækjum og óþef frá hsbýlum manna.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir sams konar setningu reglugerða varðandi mengunarvarnir og heilbrigðisreglugerð og vísast um það til athugasemda við 2. gr.

Enn fremur að mengunarvarnareglugerð/reglugerðir gildi fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi eins og heilbrigðisreglugerð en ákvæði þess efnis eru ekki í gildandi lögum. Aðrar breytingar snerta gildistöku laga nr. 117/1985, um geislavarnir, og vikið er að þeim í athugasemdum um 1. gr.

Um 5. gr.

Þær breytingar sem hér eru gerðar lúta að því að styrkja svæðisnefndir heilbrigðiseftirlitssvæðanna, gera þær ábyrgar fyrir yfirumsjón með fjármálum eftirlitsins þótt fjárhagslega ábyrgðin verði áfram eins og eðlilegt er hjá sveitarstjórnunum. Lagðar eru til skýrar reglur um kostnaðarskiptingu og að tekjur renni í sameiginlegan sjóð til greiðslu á rekstri eftirlitsins. Enn fremur eru lagðar til skýrar reglur um athugasemdir sveitarfélaga við fjárhagstillögur svæðisnefnda og hvernig skuli skorið úr ágreiningi.

Einnig er gerð tillaga um hver skuli annast fjárreiður eftirlitsins náist ekki samkomulag um það. Um alla þessa þætti hefur skort skýr lagaákvæði og hefur þetta torvelað eftirlitið þar sem t.d. fámenn sveitarfélög hafa leitt hjá sér að samþykkja fjárhagsáætlanir. Í greininni er enn fremur lagt til að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna geti innheimt gjöld af eftirlitsskyldum mengandi rekstri sem Hollustuvernd ríkisins hefur ekki með að gera. Sem stendur skortir lagaheimildir til þess og geta sveitarfélögin einungis innheimt gjöld af eftirlitsskyldri starfsemi sem fellur undir heilbrigðisreglugerð, sbr. 2. gr. laganna og reglugerð nr. 45/1972, ásamt síðari breytingum. Að öðru leyti er um orðalagsbreytingar að ræða og lengri frest til að skila fjárhagstillögum.

Um 6. gr.

Breytingin er fólgin í því að í Reykjavík verði fimm fulltrúar í heilbrigðisnefnd í stað sjö. Er þetta í samræmi við samþykktir borgarstjórnar varðandi skipan nefnda á vegum Reykjavíkur. Enn fremur er Seltjarnarneskaupstaður tekinn undan Reykjavíkursvæði og færður yfir á nýtt svæði með Mosfellssveit, Kjalarneshreppi og Kjósarhreppi, sem nefnist Kjósarsvæði, sbr. nánari athugasemdir við 7.—9. gr. Er þetta gert vegna beiðni forráðamanna hlutaðeigandi sveitarfélaga. Reglugerð þessa efnis var staðfest af ráðherra á sl. sumri, sbr. nánar reglugerð nr. 390/1987, um skiptingu heilbrigðiseftirlits á Reykjavíkursvæði, Kópavogssvæði og Kjósarsvæði. Er því um formsatriði að ræða hvað þetta snertir.

Um 7.—9. gr.

Að fenginni reynslu eru ekki lagðar til nema leiðréttingar og smábreytingar við skiptingu landsins í heilbrigðiseftirlitssvæði. Um er að ræða tvær breytingar, annars vegar varðandi Akranessvæði, sem gert var að sérstöku svæði með reglugerð nr. 191/1985, og hins vegar varðandi Kjósarsvæði sem lagt er til samkvæmt tillögu hlutaðeigandi sveitarstjórna að verði sérstakt svæði, sbr. athugasemdir við 6. gr. hér að ofan.

Um 10. gr.

Lagt er til að í stað heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sjái héraðslæknir um að kosningar í heilbrigðisnefndir fari fram. Engin ástæða er til þess eftir að löggin hafa í reynd komist til framkvæmda að ráðuneytið annist þennan þátt þótt slíkt væri nauðsynlegt í upphafi. Héraðslæknar eru formenn svæðisnefnda og sérstakir erindrekar ráðuneytisins í læknishéruðum og því manna best til þessa hlutverks fallnir.

Um 11. gr.

Breyting á 1. tölul. 11. gr. tekur mið af breyttu fyrirkomulagi af fjölgun eftirlitssvæða, sbr. nánar athugasemdir um 7. gr.

Breyting á 2. tölul. 11. gr. er í því fólgin að í stað þess að koma saman einu sinni á ári hið minnsta komi svæðisnefndir saman a.m.k. tvisvar á ári. Helgast þetta af aukinni ábyrgð svæðisnefndanna sérstaklega með fjárhagslegum rekstri eftirlitsins.

Breyting á 3. tölul. 11. gr. tekur mið af auknum verkefnum svæðisnefnda, sbr. athugasemdir um 5. gr.

Um 12. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til á sjálfri starfsemi Hollustuverndar ríkisins eru eftirfarandi:

1. Lögð eru til skýrari ákvæði um með hvaða eftirliti stofnunin skuli hafa yfirumsjón og er helsta nýmælið eiturefnaeftirlitið.
2. Felld eru niður ákvæðin um menntun og fræðslu fyrir heilbrigðisfulltrúa, sbr. 8. tölul. 13. gr. gildandi laga, enda ekki lengur um knýjandi ákvæði að ræða þar sem ræst hefur úr þessum málum og nægjanlegt framboð af sérmenntuðu starfsfólki er þegar fyrir hendi.

3. Lagt er til að stofnuninni verði skylt að leita ráðgjafar landlæknis og yfirdýralæknis í málum sem snerta þá, en ýmis mál sem stofnunin hefur með að gera snerta starfsemi þeirra. Má sem dæmi nefna matareitranir og sjúkdóma frá mönnum og dýrum sem geta borist í matvæli og aðrar neysluvörur.
4. Varðandi upplýsingaskyldu stofnunarinnar gagnvart fjölmiðlum er lagt til annað og ótvíræðara orðalag þannig að ekki komi til misskilnings, t.d. í þá veru að aðrir aðilar, t.d. heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna, megi ekki gefa upplýsingar sem þessar. Að öðru leyti er um smávægilegar orðalagsbreytingar að ræða.

Um 13. gr.

Ekki eru lagðar til breytingar á skipan sjálfrar stjórnar stofnunarinnar. Hins vegar er lagt til að úr hópi stjórnarmanna skipi ráðherra, auk formanns, tvo aðila í framkvæmdastjórn sem hefðu með höndum raunverulega rekstrarstjórn stofnunarinnar. Þannig kæmi stjórn stofnunarinnar einungis saman til stefnumótunar og til að ganga frá fjárhagsáætlunum og fjárlagatillögum auk annarra verkefna sem löggin kveða sérstaklega á um. Á þennan hátt er unnt að styrkja fjárhagslegan rekstur stofnunarinnar en hann hefur verið veikur. Kemur það skýrt fram í umsögnum margra þeirra sem létu endurskoðunarnefndinni í té álit á gildandi lögum. Að öðru leyti vísast til ítarlegrar greinargerðar í inngangi hér að framan.

Um 14. gr.

Í stað forstjóra er lagt til að starfi framkvæmdastjóri sem hafi menntun og reynslu á stjórnunar- og rekstrarsviði og að hann skuli skipaður til fjögurra ára. Hlutverk hans verður að annast fjármálalega stjórnun undir yfirstjórn rekstrarstjórnar og að stjórna almennri skrifstofu. Á þennan hátt er reynt að styrkja rekstrarstjórnun stofnunarinnar og gert ráð fyrir því að forstöðumenn einstakra sviða stofnunarinnar reki sína starfsemi eins og fjárlög mæla fyrir um og sértekjur leyfa. Ástæðulaust er að forstöðumenn þurfi að bera þessi mál undir aðra en stjórn, þ.e. fyrst og fremst rekstrarstjórn, þar sem hin faglega ábyrgð er í þeirra höndum og öll afskipti millistiga geta haft bein eða óbein áhrif á faglega stjórnun.

Vegna verkaskiptingar stofnunarinnar og ríkra krafna um sérmenntun forstöðumanna er óraunhæft að setja þá undir stjórn millistiga og er því eðlilegast að í stað forstjóra komi framkvæmdastjóri sem beri ábyrgð gagnvart stjórn á þeim þáttum sem honum ber að annast um framkvæmd á og forstöðumenn á sínum fagmálum.

Að öðru leyti vísast til röksemda í inngangi hér að framan.

Um 15. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Hér er fjallað um starfssvið Hollustuverndar ríkisins. Breyting frá gildandi lögum, auk lagfæringa vegna stofnunar Geislavarna ríkisins með lögum nr. 117/1985, eru þær helstar að lagt er til að stofnað verði nýtt svið innan stofnunarinnar er annist eiturefnaeftirlit. Eiturefnaeftirliti yrði m.a. falið að sjá um ýmiss konar framkvæmd sem segja má að í dag sé í höndum eiturefnanefndar samkvæmt lögum nr. 68/1968. Greint er á milli verkefna eiturefnaeftirlits og heilbrigðiseftirlits, bætt við verkefnum, t.d. innflutningseftirliti með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, og kveðið á um vöruskráningu á vegum stofnunarinnar. Enn fremur eru rýmkuð ákvæðin er heimila stofnuninni að taka að sér rannsóknarþjónustu og sérhæfð verkefni, m.a. fyrir aðra en heilbrigðiseftirlitið, og upphæð ekki bundin við ákveðið hlutfall kostnaðar. Reynslan hefur sýnt að stofnunin verður að geta treyst meira á tekjur vegna gjaldtöku en verið hefur og að lög megi ekki beinlínis standa gegn því að hún geti veitt öðrum en heilbrigðiseftirlitinu þjónustu.

Um 17. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Breytingin er fólgin í ákvæðunum um forstöðumann eiturefnaeftirlits, sbr. nýmæli í 16. gr. frumvarpsins, og í skýrari ákvæðum um menntun forstöðumanns rannsóknastofu.

Einnig er gert ráð fyrir því að forstöðumenn séu skipaðir til fjögurra ára eins og framkvæmdastjóri.

Um 19. gr.

Einungis er um að ræða breytingu í samræmi við breytingar sem komið hafa fram í fyrri greinum.

Um 20. gr.

Lagt er til að auk þeirra aðila sem 21. gr. gildandi laga fjallar um komi tóbaksvarna-nefnd, samkvæmt lögum nr. 74/1984, en Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hafa veigamiklu hlutverki að gegna samkvæmt þeim lögum og er öll samvinna við tóbaksvarnanefnd mjög háð sameiginlegum erindrekstri.

Einnig er lagt til að til stofnunarinnar verði ráðinn fræðslu- og upplýsingafulltrúi sem jafnframt annist erindrekstur fyrir nefndirnar þrjár. Starfsemi af þessu tagi hefur engin verið hjá stofnuninni og er brýnt að bætt verði úr. Má hér sérstaklega benda á starfsemi fræðslufulltrúa Vinnueftirlits ríkisins. Að öðru leyti vísast um þetta til inngangs hér að framan.

Inn í 2. tölul. 21. gr. er skotið Ríkismati sjávarafurða og þarfnast það ekki skýringa.

Um 21. gr.

Lagt er til að sveitarfélögin geti ekki aðeins sett sér heilbrigðissamþykktir um þætti sem ekki er fjallað um í heilbrigðisreglugerð eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert heldur eigi mengunarvarnareglugerð einnig við. Auk þess er lagt til að setja megi inn í slíkar samþykktir ákvæði um bann eða takmörkun gæludýrahalds en ekki eingöngu hundahalds eins og gildandi lög gera.

Um 22. gr.

Breyting er fólgin í fjölgun eftirlitssvæða, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Lagt er til að 3. tölul. 24. gr. falli brott, enda greinin óþörf þar sem hún er komin inn í ákvæði 5. gr. frumvarpsins.

Um 24. gr.

Í stað þess að krefjast þess að heilbrigðisfulltrúastörf skuli vera fullt starf er lagt til að einn heilbrigðisfulltrúi, þ.e. framkvæmdastjóri eftirlitsins, verði að vera í fullu starfi. Í reynd er hér ekki um efnisbreytingu að ræða heldur skýrar kveðið á um þetta atriði og að ákveðinn íbúafjöldi skuli að jafnaði vera að baki hverju stöðugildi en ekki hverjum starfsmanni.

Um 25. gr.

Rýmkaðar eru heimildir fyrir ráðherra til þess að breyta skiptingu heilbrigðiseftirlitssvæða og þau ekki bundin öðrum skilyrðum en ósk hlutadeigandi sveitarstjórna og umsögn Hollustuverndar ríkisins auk annarra skilyrða sem einstök ákvæði laganna kunna að geyma, t.d. um framkvæmdastjóra og fullt starf.

Um 26. gr.

Breytingin er fólgin í því að ekki er lengur ástæða til þess að leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins þar sem hér eftir verða ekki ráðnir aðrir til starfa sem heilbrigðisfulltrúar en þeir sem hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisráðherra, sbr. reglugerð nr. 150/1983, um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa. Áður en slík leyfi eru veitt gefur Hollustuvernd ríkisins umsögn um hæfni umsækjanda og tillögur um veitingu starfsréttinda.

Um 27. gr.

Með skírskotun til athugasemda með 26. gr. frumvarpsins og þess að nægjanlegt framboð er af sérmenntuðum heilbrigðisfulltrúum eru 4. og 5. tölul. 26. gr. laganna óþarfir.

Um 28. gr.

Lagt er til að heilbrigðisnefndir geti, auk þess að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla, einnig gefið fyrirmæli um hið sama, eigi í hlut neyslu- og nauðsynjavörur þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Skortur á slíku ákvæði hefur veikt eftirlitið nokkuð.

Um 29. gr.

Í stað þess að nauðsyn ráðstöfunar eins og hún er skýrð í 1. tölul. 29. gr. gildandi laga miðist við almannaheill er lagt til að nægjanlegt sé að ráðstöfun sé nauðsynleg, enda má segja að þegar um almannaheill er að ræða sé ástand orðið þannig að ráðstafanir komi að litlu gagni. Með auknu eftirliti og sérhæfðu starfsfólki er nánast útilokað að til slíks ástands komi nema annarlegar ástæður liggi að baki. Hollustuvernd ríkisins verður að geta gripið til ráðstafana án þess að um almannaheill sé að ræða þó ekki sé nema til þess að koma á samræmdu eftirliti í landinu öllu.

Um 30. gr.

Rýmkaður er réttur fulltrúa Hollustuverndar ríkisins til að taka sýni í samráði við hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlit en samkvæmt gildandi lögum miðast hann eingöngu við þau verkefni sem stofnuninni er falið beint eftirlit með. Stofnunin getur ekki starfað undir svo ströngum skilyrðum.

Um 31. gr.

Breytingin á 31. gr. gildandi laga tekur mið af breytingum á öðrum greinum laganna, t.d. varðandi forstjóra Hollustuverndar ríkisins og aukin verkefni svæðisnefnda, auk leiðréttinga vegna nýsettra laga, t.d. um Ríkismat sjávarafurða, nr. 53/1984. Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingar að ræða.

Um 32. gr.

Rýmkuð er heimild Hollustuverndar ríkisins til þess að semja við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu og hún ekki bundin neinum sérstökum skilyrðum eins og gildandi lög gera.

Um 33. gr.

Þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að nauðsynlegt er að breytingar verði felldar inn í meginmál gildandi laga, nr. 109/1984, enda um töluvert efnisfrekar breytingar að ræða.